


# Uppeldi til ábyrgðar

Fréttabréf apríl 2025



## Lífsvagninn

Í apríl vinnum við með lífsvagninn. Nemendur læra hvernig bíllinn er notaður sem tákni fyrir okkur sjálf, tilfinningar og viðbrögð. Nemendur læra að þau geta ráðið því hvernig þau bregðast við aðstæðum

Myndin af lífsvagninum er til að útskýra að hegðun okkar skiptist í fjóra þætti: **hugsanir, gerðir, geðshræringu og líkamsstarfssemi.** Til að breyta líðan á sál og líkama þurfum við að breyta hugsunum og gerðum okkar og taka í stýrið.

## Bekkjarfundir

Höldum áfram að vera dugleg að halda bekkjarfundi.

Markmið bekkjarfunda er að skapa öruggara andrúmsloft meðal nemenda, þar sem traust og samvinna ríkir meðal þeirra sem taka þátt í fundinum. Ákjósanlegt er að umsjónarkennari haldi einn bekkjarfund í viku, a.m.k. einn í mánuði.

**Gott að hafa í huga:**

Á bekkjarfundum sitjum við í hring og þar er mikilvægt að íhuga hvar nemendur sitja í hringnum.

